

REGLUGERÐ

um (13.) breytingu á reglugerð nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðunum „fyrir og eftir slægingu“ í 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Auk þess skal vigta hvern fisk sérstaklega.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, til að öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. janúar 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Arnór Snæbjörnsson.